

Borgarráð 6.6.'19: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólks varðandi skort á dagforeldrum - R19060056

Hvað ætlar borgarmeirihlutinn að gera til að leysa dagforeldraskortinn næsta vetur? Foreldrar eru jafnvel nýbúnir að uppgötva að þau eigi von á barni þegar kapphlaupið hefst um að tryggja barninu pláss hjá dagforeldri eða á ungbarnaleikskóla til þess að foreldrar eigi þess kost að komast aftur út á vinnumarkað. Eftirspurn eftir dagforeldrum í Reykjavík er langt umfram framboð. Dagforeldri tekur yfirleitt við barni frá 9 mánaða aldri en börn komast venjulega ekki inn á leikskóla fyrr en um 18 mánaða aldur og mörg þeirra ekki fyrr en um tveggja ára aldur. Margir foreldrar velja síðan að vera lengur en 9 mánuði heima með barni sínu. Það verður þess vegna að tryggja barninu pláss um leið og það fæðist og byrja að greiða fyrir það þegar barnið er 9 mánaða án tillits til þess hvort barnið notar plássið þá eða nokkrum mánuðum síðar. Það er ljóst að langt er í að bilið milli ungbarnaleikskóla og leikskóla verði brúað. Hvað ætla borgaryfirvöld að gera á meðan til að leysa þennan vanda?